

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir gagnrýnni og hressilegri fundarröð um þróun og mótun borgarinnar

Framtíðarborgin Reykjavík

Þriðjudagurinn 14. nóvember 2017 kl. 20 á Kjarvalsstöðum



Hjálmar Sveinsson



Anna María
Bogadóttir



Anna Dröfn
Ágústsdóttir



Ingvar Jón Bates
Gíslason

Framtíðarborgin er alltaf á teikniborðinu. Allir taka þátt í því að skapa borg með hegðun sinni, verkum, viðhorfum og valdi. En hvernig borg viljum við búa í og hvernig viljum við skila henni af okkur til komandi kynslóða? Hvernig verður Reykjavík framtíðar? Er framtíðin autt blað? Er framtíð Reykjavíkurborgar fyrirsjáanleg eða er hún óvissan ein?

Fram koma á fundinum: **Hjálmar Sveinsson**, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, **Anna María Bogadóttir**, arkitekt og menningarfrumkvöðull, **Anna Dröfn Ágústsdóttir**, sagnfræðingur og fagstjóri fræða í Listaháskóla Íslands og **Ingvar Jón Bates Gíslason**, arkitekt og fræðimaður. Þau verða hvert með sitt sjónarhorn á framtíðina.

Fundurinn er í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 14. nóvember 2017 kl. 20.

Allir velkomnir. Heitt á könnunni.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið